

Dómur áfrýjunardómstóls Handknattleikssambands Íslands.

Miðvikudaginn 19. mars 2014 kl. 16:00 er dómping áfrýjunardómstóls Handknattleikssambands Íslands (HSÍ) háð á skrifstofu Forum lögmannna ehf. að Aðalstræti 6, Reykjavík, af Þorsteini Einarssyni, Gunnari Jónssyni og Jóhannesi Albert Sævarssyni.

Fyrir er tekið:

**Mál nr. 1/2014:**  
**Handknattleiksdeild Fjölnis**  
**gegn**  
**Íþróttafélaginu Hömrnum.**

Í málinu er nú kveðinn upp svohljóðandi dómur:

**I.**

Mál þetta dæma Gunnar Jónsson, Jóhannes Albert Sævarsson og Þorsteinn Einarsson.

Hinn áfrýjaði úrskurður féll í dómstóli HSÍ þann 11. febrúar 2014, en með úrskurði dómstólsins var fallist á kröfu Íþróttafélagsins Hamranna um að leikur meistaraflokks karla á milli handknattleiksdeilda Fjölnis og Íþróttafélagsins Hamranna, sem fram fór þann 8. nóvember 2013, yrði ógiltur og leikinn að nýju, sbr. 1. tl. 45. gr. laga Handknattleikssambands Íslands.

Áfrýjandi áfrýjaði úrskurði dómstóls HSÍ með bréfi dags. 13. febrúar 2014. Áfrýjandi krefst þess að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að úrslit leiksins verði látin standa óbreytt.

Varnaraðili krefst þess að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur. Varnaraðili skilaði greinargerð til áfrýjunardómstóls HSÍ þann 5. mars 2014.

Samkvæmt 42. gr. laga HSÍ skulu ný gögn ekki lögð fyrir áfrýjunardómstólinn, né skulu þar fara fram vitna- og aðilaskýrslur, en dóminum er þó veitt heimild til að þess að víkja frá þessum reglum, þegar sérstaklega stendur á.

Eins og mál þetta er vaxið telur dómurinn að ekki séu efni til þess víkja frá nefndri meginreglu laga HSÍ.

**II.**

Áfrýjunardómstóll HSÍ hefur áður kveðið upp dóm í deilumáli aðila. Þann 19. nóvember 2013 kvað dómstóll HSÍ upp úrskurð í málinu nr. 2/2013 og féllst á kröfu Íþróttafélagsins Hamranna um að ógiltur væri leikur meistaraflokks karla á milli handknattleiksdeilda Fjölnis og Íþróttafélagsins Hamranna, sem fram fór 8. nóvember 2013 og að sá leikur skyldi leikinn að nýju. Handknattleiksdeild Fjölnis áfrýjaði þeim úrskurði dómstóls HSÍ. Þann 19. desember

2013 kvað áfrýjunardómstóll HSÍ upp dóm í málinu og ómerkti þann úrskurð dómstóls HSÍ og vísaði málinu heim til dómstóls HSÍ til nýrrar aðalmeðferðar og álagningar úrskurðar að nýju. Í forsendum dóms áfrýjunardómstóls HSÍ kemur fram að meðferð málsins fyrir dómstóli HSÍ hafi verið ábótavant þar sem skýrslur hafi ekki verið teknar af starfsmönnum við framkvæmd leiksins í því skyni að freista þess að upplýsa hvort merki hafi verið gefið um stöðvun leiks áður en mark var skorað eða ekki.

Helstu málavextir eru raktir í hinum áfrýjaða úrskurði dómstóls HSÍ.

Fyrir dómstól HSÍ komu dómarar leiksins, Bóas Börkur Bóasson og Hörður Aðalsteinsson. Þeir báru báðir fyrir dómstóli HSÍ að Íþróttafélagið Hamranir hefðu ekki skorað mark áður en flautað var frá tímavarðaborði og leikur því stöðvaður.

Þá kom fyrir dómstól HSÍ Arnar Arnarsson, ritari leiksins, og bar hann fyrir dómi að boltinn hefði ekki verið kominn í mark er hann stöðvaði leikinn með flauti. Þá kom fyrir dómstól HSÍ Ari Brynjarsson, tímavörður í leiknum, og bar hann fyrir dómi að boltinn hafi ekki verið kominn í markið þegar ritari leiksins flautaði.

Með vísan til framburða starfsmanna leiksins telur áfrýjunardómstóll HSÍ í ljós leitt að leikur aðila hafði verið stöðvaður með flauti frá ritara leiksins áður en Íþróttafélagið Hamranir skoraði mark . Það inngríp ritara og tímavarðar í leikinn var í samræmi við lög HSÍ enda lá fyrir að leikklukka hafði stöðvast. Tímaverði var því skyld að stöðva leikinn með flautumerki og stöðvar flautumerki frá tímaverði leikinn, sbr. reglu 2:8 í leikreglum IHF. Í athugasemdir við grein 2:9 í leikreglum IHF segir að allar aðgerðir á vellinum eftir flautumerki frá tímaverði séu ómerkar. Þá segir orðrétt í athugasemdunum: „*Petta þýðir að er mark hefur verið skorað, eftir að flautumerkið kom frá borðinu, er það ekki gilt.*“ Í ljósi þess að sannað er að ritari hafði stöðvað leikinn með flautumerki áður en mark var skorað er það niðurstaða áfrýjunardómstóls HSÍ að markið sé ekki gilt. Þá er það niðurstaða áfrýjunardómstólsins að regla 14:1 í leikreglum IHF, um upplagt markfæri, hafi ekki þýðingu í málinu enda séu ekki uppfyllt skilyrði a, b og c liða reglunnar. Það er mat áfrýjunardómstóls HSÍ að upplögðu markfæri hafi ekki verið spilt af leikmanni eða starfsmanni liðs mótherja eða með afskiptum einhvers sem ekki var þáttakandi í leiknum. Samkvæmt reglu 17:1 eru tímavörður og ritari dómurum til aðstoðar og því starfsmenn leiksins. Þá er það niðurstaða áfrýjunardómstólsins að flautumerki hafi ekki verið gefið að ástæðulausu, en óumdeilt er að leikklukka hafði stöðvast.

Að öllu framansögðu virtu er það niðurstaða áfrýjunardómstólsins að fallast beri á kröfu handknattleiksdeildar Fjölnis um að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að úrslit leiksins verði látin standa óbreytt.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður dómstóls HSÍ er felldur úr gildi og skulu úrslit í leik Íþróttafélagsins Hamranna og handknattleiksdeildar Fjölnis í meistaraflokki karla, sem fram fór þann 8. nóvember 2013, standa óbreytt.

Gunnar Jónsson (sign)

Jóhannes Albert Sævarsson (sign)

Þorsteinn Einarsson (sign)